

Öldungaráð Reykjavíkur
B/t Elísabetar Pétursdóttur
Mannréttinda og Lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Grund 10. janúar 2025

Óskað er eftir umsögnum Öldungaráðs Reykjavíkur vegna neðangreindra tólf umsókna frá Grund og Mörk í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Umsagnir ráðsins verða lagðar fram með eftirfarandi umsóknum fyrir árið 2025 en skilafrestur er 4. febrúar 2025.

Grund

Snjóbræðsla við Hringbraut 50

Sótt er um endurnýjun og viðbætur á snjóbræðslu við aðkomuleiðir að hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut og Brávallagötu. Þetta er gert með það í huga að tryggja heimilisfólki öruggara umhverfi við göngu og aðra hreyfingu í og við hemilið.

Rafmagnstafla í kjallara Grundar við Hringbraut 50

Í kjallara Grundar er stór og gömul rafmagnstafla sem er komin vel á tíma og er í raun orðin hættuleg ásamt því að mikið af vatnsstofnum og dreifingu vatns á sér stað í sama rými og það getur aldrei talist gott að hafa þessa tvo mikilvægu innviði í sama rými. Þannig að til stendur að setja upp nýja töflu á hæðinni fyrir ofan og tengja rafmagnsstofna þangað.

Fjölgun eftirlitsmyndavéla

Til stendur að fjölga eftirlitsmyndavélum á Grund til að auka öryggi heimilis- og starfsmanna. Eftirlitsmyndavélakerfi Grundar er í dag nokkuð stórt og yfirgripsmikið, en það leynast göt hér og þar sem við erum að reyna að loka með þessari viðbót. Einnig þarf að leggja lagnir að þessum nýju vélum ásamt því að skipta út fjórum eldri vélum sem eru bilaðar. Eftir að þessari framkvæmd er lokið mun eftirlitið á Grund verða með besta móti.

Hljóðvist í sameiginlegt opið rými á 3 hæð Grundar

Á þriðju hæð Grundar er opið rými/borðstofa þar sem heimilisfólk kemur saman og nýtur góðrar stundar, ýmist í leik, föndri, hlusta á lestur og/eða söng. Þarna getur því miður orðið mikil kliður og því er þörf á því að setja hljóðvistarplötur í loftið þannig að fólk okkar nái að njóta samverunnar.

Gluggar á Grund

Undanfarin ár hefur staðið yfir endurnýjun á gluggum á húsnæði Grundar við Hringbraut 50 þar sem settir eru í nýir gluggar með tvöföldu gleri og opnanlegum fögum en fyrir eru upprunarlegu gluggarnir með einföldu gleri. Þetta hefur staðið yfir í nokkur ár og hefur verið sótt um jafn óðum í sjóðinn. Nú er komið að síðasta hlutanum sem telur um 50 glugga.

Breytingar á vesturhúsi Grundar við Hringbraut 50

Fyrirhugað er að halda áfram með breytingar á innra skipulagi Grundar þar sem herbergjum er breytt í eins manns herbergi með baðherbergi líkt og gert hefur verið í austurhluta hússins og er nú komið að vesturhúsinu. Munum við sækja í sjóðinn þetta árið til að hanna þær breytingar, hvað varðar skipulag og lagnir og í framhaldi óska eftir byggingarleyfi.

Sorpskýli við Grund á Hringbraut 50

Þörf er á nýju sorpskýli fyrir hjúkrunarheimilið þar sem flokkun sorps hefur aukist og eldra skýli býður ekki upp á allan þann fjölda íláta sem þörf er á vegna flokkunnar. Ekki er hægt að stækka sorpskýlið sem fyrir er á þeim stað sem það er á í dag. Einnig má gera ráð fyrir að aðkoma sorpbíla verði betri með nýrri staðsetningu.

Grund neyðar og útljós

Við framkvæmd á eldvarnareftirliti á neyðar- og útljósum hefur komið í ljós að töluverð þörf er á endurnýjun og að bæta við ljósum. Sótt verður um fyrir slíkri framkvæmd í sjóðinn.

Mörk

Málning á sameiginlegum svæðum hjúkrunarheimilis Mörk

Mikið er farið að sjá á veggjum á sameiginlegum svæðum hjúkrunarheimilisins og því þarf að fara yfir öll svæðin og laga skemmdir og mála.

Ljós í sameignilegum svæðum hjúkrunarheimilisins í Mörk

Innfeld lýsing í kerfisloftum hjúkrunarheimilisins er komin til ára sinna og er farin að tína tölunni – þessi ljós eru með eldri gerð af flúrosent perum og spennum sem ekki eru fánleg lengur og af þeim sökum þarf að skipta þeim út – Einnig snýr þetta að miklu umhverfis sjónarmiði þar sem eldri flúrosent perur eru fjarlægðar og vistvænni og sparsamari perur eru settar í staðinn.


Rafstýrðar hurðapumpur við neyðarstiga og svalir í Mörk

Hurðir norðanmegin í húsinu sem snúa út á svalir og neyðarstiga eru það stórar og þungar sem veldur því að erfitt getur verið að halda þeim opnum ef að gengið er um þær og hafa átt það til að skella á starfsmenn og heimilisfólk ef að ekki haldið vel við þær og því er nauðsynlegt að setja pumpur á þær sem halda við.

Fjölgun eftirlitsmyndavéla

Til stendur að fjölga eftirlitsmyndavélum í Mörk, í dag eru frekar fáar myndavélar í húsinu og flestallar á 1. hæðinni. Auk þess að fjölga þeim á að setja upp fyrstu vélarnar á ganga hússins þar sem herbergi heimiisfólks eru. Tilkoma þessarar véla mun klárlega auka öryggi bæði heimilis- og starfsmanna.

Ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna.



Guðbjörg R. Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri stjórnar Grundarheimilanna